

# Þrettán fyrirtæki framúrskarandi í stjórnunarháttum

VIÐSKIPTI INNLENT | 09:39 | 11. MARS 2015



Þrettán fyrirtæki hafa fengið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í gær.

INGVAR HARALDSSON SKRIFAR

Þrettán fyrirtæki fengu viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum á ráðstefnu undir sama nafni sem haldin var í hátíðarsal Háskóla Íslands í gær.

Viðurkenningin er byggð á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi gefa út.

Fyrirtæki sem þess óska gefst tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnunarhætti við HÍ sér um framkvæmd matsins.

Ráðstefnan er haldin af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands í samstarfi við Nasdaq OMX Iceland, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Þetta er í annað skiptið sem þessi ráðstefna er haldin. Aðalræðumenn voru Per Lekvall, einn helsti sérfræðingur Svíþjóðar í stjórnarháttum og Magnus Billing, forseti kauphallarinnar Nasdaq OMX í Stokkhólmi. Ólöf Nordal, innanríkisráðherra opnaði ráðstefnuna en gestir ráðstefnunnar voru á annað hundrað segir í tilkynningu frá rannsóknarmiðstöðinni.

Eftirfararandi fyrirtæki voru verðlaunuð:

Advania hf.Fjarskipti hf.Greiðsluveitan ehf.Íslandsbanki hf.Íslandspóstur hf.Íslandssjóðir hf.Landsbankinn hf.Landsbréf hf.Lánasjóður sveitarfélaga ohf.Mannvit hf.Nýherji hf.Stefnir hf.VÍS hf.